

Checkpoint Charlie og Þjóðviljinn



Júlíana Rún Indriðadóttir, þriggja ára, lét sig ekki vanta á blaðakvöldin. Henni þótti lítið til blaðanna koma og hafði fyrir vana að setjast við barborðið fram í kránni skoða matseðilinn og tiltækt myndefni, ræða við kunnana og vertinn sem sá henni fyrir drykkjarföngum við hæfi.

Íslendingarnir í Berlín á sjöunda áratug síðust aldar héldu vel hópinn. Meðal annars höfðu þeir “Blaðakvöld” vikulega. Höfðum við samið við íslensku dagblöðin, Morgunblaðið, Tímann, Alþýðublaðið og Þjóðviljann um að fá þau án endurgjalds. Flugfélag Íslands flutti blöðin vikulega til Kaupmannahafnar án endurgjalds og sá um að þau kæmust áfram til Berlínar. Blaðakvöldin voru lengi vel á lítilli krá í Steglitz þar sem við höfðum herbergi bakatil við barinn til afnota fyrir bjórdrykkju og lestur á blöðunum. Var efni þeirra þaullesið og rætt.

Þegar blaðakvöldinu lauk var blöðunum oft komið fyrir í baksæti Volkswagen bifreiðar Óla Ragg sem sá um að koma þeim fyrir kattarnef. Skömmu eftir eitt blaðakvöldið og áður en Óli hafði losað sig við blöðin frá því áttum við erindi til A-Berlínar. Fórum við tveir saman að venju um Checkpoint Charlie þar sem við vorum vel þekktir en misvel tekið. Að þessu sinni vorum við ekki með neitt sem við áttum von á að tefði okkur. Eftir að við höfðum skráð okkur og sýnt pappíra fylgdi ungur og kurteis landamæravörður okkur að bifreiðinni til að fullvissa sig um að ekkert óleyfilegt leyndist í henni.

Aðgætti hann vel að farangursgeymslunni sem var tóm, skoðaði í hanskahólfíð en rak svo augun í blaðahrúguna sem lá í baksætinu ásamt krumpaðri blárri nylonregnkápu. Óskað hann eftir að fá blöðin til skoðunar. Við sögðum honum að þetta væri íslensk dagblöð sem við hefðum þegar lesið og væri honum velkomið að henda þeim. Ekki varð hann við þeirri ósk en bað okkur að bíða á meðan hann kannaði lögmæti blaðanna.

Gekk hann að varðskúr þar nærri tók blöðin eitt og eitt og bar saman við lista sem hann hafði við hendina. Síðan stakk hann blaðinu ýmist inn í lúguna á skúrnum eða lagði það til hliðar. Eftir að hafa rannsakað blöðin, rúmlega tuttugu talsins, koma hann til baka með öll eintökin af Þjóðviljanum og sagði okkur heimilt að hafa þau meðferðis.

Undum við þessum málalokum vel. Fullir aðdáunar á þekkingu A-þýskra yfirvalda á fjölmiðlum heima á Íslandi héldum við til stúdentaheimilis í Karlshorst hverfinu þangað sem ferðinni var heitið. Afhentum við Íslendingum sem þar bjuggu Þjóðviljablöðin og bláu regnkápuna en af henni segir í öðrum pistli.